

Fundargerð stjórnar Félags rannsóknarstjóra á Íslandi

20. fundur 20.11. 2017 kl. 15:30 – 16:30

Mættir: Ásta Sif Erlingsdóttir, Elísabet M. Andrésdóttir, Eiríkur Smári Sigurðarson, Anna Kristín Daníelsdóttir, Oddný S. Gunnarsdóttir.

Dagskrá:

1. Ákveðið hefur verið að framlengja Cost verkefnið, BESTPRAC, um tvö ár og skipa þarf fulltrúa í verkefnið fyrir Íslands hönd. Lagt er til að tilnefna Grétu Björk Kristjánsdóttur og Úlfar Kristinn Gíslason sem hafa verið virk í samstarfinu. Taka þau við af Kristjáni Kristjánssyni og Ástu Sif Erlingsdóttur.
2. Ásta sagði frá ráðstefnu The Society of Research Administrators International (SRA) í Kanada í október en hún og Úlfar fóru á ráðstefnuna. Þar tók hún meðal annars þátt í fundum iNorms þar sem bæði var rætt um starfið næstu árin og næstu ráðstefnu félagsins sem verður haldin í Edinborg í júní 2018, vinnuhópur um áframhaldandi starf innan félagsins og um ráðstefnuna var skipaður og situr Úlfar í honum.
3. Alþjóðleg samtök rannsóknastjóra iNorms verða með ráðstefnu í Edinborg samhliða ráðstefnu Félags rannsóknastjóra í Bretlandi, ARMA, en fyrirhugað að veita dugmiklum einstaklingi alþjóðlega viðurkenningu, en ARMA samtökin hafa veitt slíka viðurkenningu árlega. Félag rannsóknastjóra þarf að tilnefna einstakling sem hefur verið duglegur við að efla erlent samstarf í rannsóknum, en má ekki vera í stjórn félagsins. Gera þarf kynningamyndband af viðkomandi og störfum hans.
4. Viðburðir framundan.
 - Ásta sagði fá kynnum sínum af varaformanni Félag rannsóknastjóra í Noregi, NARMA, Hanne sem hefur verið að vinna mikið að gerð reglna um siðferði í rannsóknum (ethics) en hún starfar hjá NTU. Áhugi var meðal nefndarmanna að fá hana hingað og halda fyrirlestur um efnið.
 - Elísabet sagði fá fyrirhugaðri heimsókn Paul Pedersen frá Kaupmannahafnarháskóla sem einnig situr í stjórnarnefnd um fjármál

hjá ESB. Hans sérsvið eru lagalegs og fjármálalegs eðlis varðandi styrki. Kjörið að félagið sé í samstarfi við Rannís vegna heimsóknarinnar. Hægt væri að skipta fyrirlestrum upp þannig að það væri fyrir byrjendur, lengra komna og síðan fyrirspurnatíma fyrir þá sem óska eftir því.

- Sean McCarthy hefur haft samband við Rannís en hann gæti haldið vefyfyrirlestur/námskeið fyrir rannsóknastjóra vegna stefnumótunar. Stefnumörkun í rannsóknáherslum hefur ekki gengið nægjanlega vel og það þarf að virkja betur bakhópana. Hugmynd um að Rannís myndi taka það að sér. Elísabet mun hafa fund um þetta í janúar.

5. Önnur mál Vinna þarf markvisst að því að auka stuðning við rannsakendur bæði í umsóknarferlinu og við utanumhald á verkefnum.